



Fundargerð

373. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 13. nóvember kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Mariutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson (KK) oddviti, Vilberg Þráinsson (VP), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Ágúst Már Gröndal (ÁMG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er þrjár blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, leitaði hann afbrigða að taka 3 mál til afgreiðslu undir liðnum önnur mál og var það samþykkt. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 372. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags-, hafnar- og húsnæðisnefnd 10. nóvember 2014.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1. 1410018 – Almennir skilmálar um lóðaúthlutun og lóðargjöld í Reykhólahreppi.

Sveitarstjórn samþykkir almenna skilmála um lóðaúthlutun og lóðargjöld í Reykhólahreppi og felur sveitarstjóra að birta skilmálana á vefsíðu sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

2.2. 1410031 – Bjarkalundur/Stekkjar 203808, umsókn um stofnun nýrrar lóðar Bjarkalundur/ N1 hf.

Sveitastjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

2.3. 1411014 – Skálanes 139669, ósk um breytta skráningu fasteignar.

Sveitarstjórn samþykkir breytta skráningu fasteignar samhljóða.

2.4. 1411022 – Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020, breyting.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

3. Mennta- og menningarmálanefnd 3. nóvember 2014.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

3.1. 1411002 – Skólapúlsinn.

Sveitastjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

3.2. 1411003 – Lokun leikskóladeildar Reykhólaskóla um hátíðarnar.

Sveitarstjórn samþykkir lokun leikskóladeildar Reykhólaskóla um hátíðarnar. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

Mál til afgreiðslu

1. 1411016 – Bætt umhverfi á Reykhólum.

Erindi frá nemendum í 5. og 6. bekk Reykhólaskóla móttakið 28. október 2014.

Sveitarstjórn ræddi innihald erindisins. Sveitarstjórn Reykhólahrepps þakkar bréfiturum í 5. og 6. bekk Reykhólaskóla fyrir erindið og áhuga þeirra á bættu umhverfi. Erindið verður tekið til greina og er því jafnframt vísað til kynningar í umhverfis- og náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps.

2. 1411021 – Ósk um stuðning.

Erindi frá Félagi eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi dagsett 21. október 2014.

Sveitarstjórn samþykkir að veita Félagi eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi styrk á árinu 2015 að upphæð 100.000 til reksturs félagsins, aksturs og fl. Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn vísar að öðru leyti í svar sveitarfélagsins frá því í fyrra, hvað varðar húsnæði undir starfseminu, þar sem félaginu var boðin aðstaða í föndursal Barmahlíðar og í Reykhólaskóla, bæði í anddyri íþróttahússins og í matsal. Þá er boðin aðstaða á bókasafni Reykhólaskóla ef áhugi er fyrir því, í samráði við skólastjóra Reykhólaskóla. Þá má einnig benda bréfiturum á húsnæði Bata- og hlunnindasýningarinnar. Samþykkt samhljóða.

3. 1411017– 3 mál til umsagnar frá nefndasviði Alþingis.

- a. 214. mál, frumvarp til laga um framhaldsskóla, frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis dagsett 17. október 2014.
- b. 257. mál, frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð, frá velferðarnefnd Alþingis dagsett 24. október 2014.
- c. 26. mál, tillaga til þingályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs, mál frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dagsett 4. nóvember 2014.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn um mál a, b og c. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

4. 1406005 – Umdæmamörk sýslumanna og lögreglustjóra.

Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga dagsett 24. október 2014.

Kynnt.

5. 1411018 – Ágóðahlutagreiðsla EBÍ 2014.

Erindi frá EBÍ dagsett 24. október 2014.

Kynnt, hlutdeild Reykhólahrepps í Sameignasjóði EBÍ er 0,322% og greiðsla ársins 2014 er kr. 161.000.

6. 1411019 – Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 20. september 2014.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

7. 1411020 – Fundargerð 141. fundar Breiðafjarðarnefndar 13. maí 2014.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

8. 1408009 – Fundargerð 821. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin

9. 1411029 – Fundur um brennisteinsmengun frá eldgosinu í Holuhrauni.

Fundarboð frá Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra móttakið 13. nóvember 2014.

Sveitarstjórn felur ÁMG að mæta á fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

10. 1410019 – Tilkynning um veð í almennum fjárkröfum.

Sent til kynningar frá Kirkjugarði Reykhólakirkju og Arionbanka, þar sem tilkynnt er um veð Arionbanka í styrk Kirkjugarðsráðs árið 2015 til kirkjugarðs Reykhólakirkju.

Sveitarstjóra falið að undirrita móttöku á tilkynningunni fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

11. 1411030 – Kúatjörn, hreinsun og stíflun.

Erindi frá Ágústi Má Gröndal dagsett 13. nóvember 2013, þar sem óskað er umræðu um framtíð Kúatjarnar.

Sveitarstjórn vísar erindinu til skipulags- og bygginganefndar. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19.30.

_____	_____
_____	_____
_____	_____